



# Fréttabréf Fljótsdalshrepps

*Gleðilegt nýtt ár !*

## Íbúar Fljótsdalshrepps

Aðalskipulag	Skipulagslýsing	Skrifstofuaðstaða
<b>Fljótsdalshrepps 2014-2030</b> Sveitarstjórn samþykkti nýtt aðalskipulag á fundi 11. 08 2014. Með staðfestingu Skipulagsstofnunar 03.12 2014 og birtingu á auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda 17. 12 2014, hefur skipulagið öðlast gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2002-2014. Nýtt aðalskipulag er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins  <a href="http://www.fljotsdalur.is">www.fljotsdalur.is</a>	<b>Hengifoss</b> Á fundi sveitarstjórnar 06.01 2015 var samþykkt skipulagslýsing dags. 16.12 2014, vegna deiliskipulagsáforma á Hengifossvæði. Með vísan í 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og ákv. gr. 5.2.4 í skipulagsreglugerð, er íbúum og almenningi boðið að kynna sér skipulagslýsinguna, á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarði, eða á heimasíðu sveitarfélagsins. Ábendingar ef einhverjar eru, óskast sendar fyrir 13. febrúar 2015, til : Fljótsdalshreppur, Végarði, 701 Egilsstaðir, merkt : Skipulagslýsing, Hengifoss.	<b>Végarði</b> Á efri hæð í Félagsheimilinu Végarði er skrifstofuaðstaða (1 rými), sem íbúum stendur til boða að nota. Til staðar eru skrifstofuhúsgögn og tölvusamband. Áhugasamir hafi samband við oddvita.  <p style="text-align: center;"><b>Porrablót 2015</b></p> <p style="text-align: center;"><i>Brotfluttur Fljótsdælingar annast undirbúning og framkvæmd porrablótis, sem haldið verður í Végarði, laugardaginn 31. janúar.</i></p> <p style="text-align: center;"><i>Miðapantanir eru hjá Reyni í s. 864 4927 eða Sigríði í s. 894 1406</i></p>

### Efni:

Aðalskipulag 2014-2030	1
Skipulagslýsing Hengifoss	1
Skrifstofuaðstaða	1
Porrablót 2015	1
Fjárhagsáætlun 2015	1
Styrkir	1
Gosmengun	1

### Gosmengun

Í Fljótsdalsstöð er handmælir sem mælir gasmengun frá eldgosi í Holuhrauni. Lesið er af mælinum á hverjum morgni og upplýsingar skráðar á vef UST. Ef mæligildi eru önnur en 0, þegar morgunmæling fer fram, er lesið þéttar af og upplýsingar skráðar inn.

Íbúar eru hvattir til að kynna sér leiðbeiningar á vef UST, varðandi áhrif gasmengunar á heilsufar og ráðleggingar um viðbrögð.

[www.ust.is](http://www.ust.is)

## Fjárhagsáætlun 2015

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2015, á fundi 2. desember 2014.

Rekstur verður með hefðbundnum hætti. Gjaldskrár verða ekki hækkaðar. Álagningarprósenta útsvars er 13,20 %, A stofn fasteignaskatts 0,40 %, B stofn 1,32 % og C stofn 1,65 %.

Engin lántaka er fyrirhuguð og gert ráð fyrir afgangi af rekstri. Áætlaðar fjárfestingar að upphæð kr. 29 millj

**Íbúum er bent að að kynna sér samþykktir og reglur s.s. varðandi styrki á heimasíðu Fljótsdalshrepps.**

## Styrkir 2015

Námsmenn 16-25 ára geta sótt um námsstyrk.

Fristundastyrkir fyrir 6-18 ára

Umhverfisstyrkir verða áfram í boði.

Hægt er að sækja um styrki til að kaupa sauðfjárvóta..